

Samkeppni um kórlag í tilefni aldarafmælis sjálfstæðis og fullveldis Íslands

Samkeppnisreglur

1. Miða skal við að kórlagið sé 2–4 mínútur að lengd.
2. Verkið skal samið fyrir blandaðan kór og hljómsveit.
3. Verkið skal hæfa tilefninu og henta vel til söngs.
4. Tillagan skal samanstanda af:
 - a) Frumsömdu og óbirtu ljóði og lagi. Lagið skal samið fyrir blandaðan kór. Merkja skal tillöguna með dulnefni. Nöfn höfunda mega ekki koma fram á tillögunni, hvorki lags né ljóðs.
 - b) Lokuðu umslagi, merktu dulnefninu, og skal það innihalda nöfn höfunda og verks.
5. Tillögunni skal skilað á skrifstofu afmælisnefndar, Kirkjustræti 8, **fyrir kl. 16.00, 20. júlí 2018** merkt „Samkeppni um kórlag“. Tillögur sem berast eftir tilskilinn tímafrestr verða ekki teknar fyrir af dómnefnd.
6. Sjö manna dómnefnd er skipuð fulltrúum Sinfóníuhljómsveitar Íslands, sem fer með formennsku, Tónskáldafélags Íslands, Rithöfundasambands Íslands, Félags tónskálda og textahöfunda, Félags íslenskra hljómlistarmanna og Ríkisútvarpsins, auk fulltrúa afmælisnefndar. Dómnefndin velur verkið sem ber sigur úr bítum. Ekki er hægt að áfrýja niðurstöðu dómnefndar.
7. Úrslit dómnefndar verða kunngerð 28. ágúst 2018.
8. Tónskáld sigurtillögunnar skal jafnframt skila laginu í útsetningu fyrir blandaðan kór og sinfóníuhljómsveit eigi síðar en 1. október og fær greiddar 300.000 krónur fyrir útsetningarnar. Miðað skal við hefðbundna stærð Sinfóníuhljómsveitar Íslands.
9. Sigurvegarar keppinnar skuldbinda sig til að vera viðstaddir frumflutning verksins 1. desember 2018 á hátíðadagskrá í Hörpu.